

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/135
komudagur 14.11.2011

Reykjavík 14. nóvember 2011

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.) **Þingskjal 61 — 61. mál.**

UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands, hér eftir skammstafað KÍ, þakkar erindi yðar dagsett 7. nóvember 2011 þar sem KÍ er gefið tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint frumvarp.

KÍ fagnar því að unnið sé að breytingum á ofangreindum lögum um matvæli í þá átt að gera kvenfélögum og öðrum félagasamtökum kleyft að bjóða matvöru til neytenda í þágu góðgerðarmála eins og tíðkast hefur um árabíl, samfélaginu öllu til heilla.

KÍ gerir þá athugasemd við 4. málsgrein 9. gr. frumvarpsins að félagasamtökum sé gert að sækja um leyfi fyrir hvern atburð. Það þrengir áfram verulega möguleika félagasamtaka til þeirrar starfssemi sem lögin taka til. Leyfisveitingar eru bæði tímafrekar og kostnaðarsamar og oft koma upp tilvik að óskað er eftir veitingum með stuttum fyrirvara, s.s. fyrir erfidrykkjur eða fundi.

Bent er á að kvenfélögin vinna eingöngu í þágu góðgerðarstarfsemi, stuðnings við félagsstarf eða í öðrum sambærilegum tilgangi.

Virðingarfyllst,

fh. Kvenfélagasambands Íslands

Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastjóri